

10. apríl 2015

10.05.00



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2015
UST201503-171/K.S.J.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Leiðbeiningar - C-flokkur

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 18. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvenær nauðsynlegt er að leita álits/umsagnar stofnunarinnar vegna framkvæmda sem falla í C-flokk skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum sbr. 4. mgr. 6 gr. í lögunum.

Að mati Umhverfisstofnunar ættu eftirfarandi liðir að falla í þann hóp að leitað sé álits Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdanna

1.07 nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun.

Rök: nýræktun skóga breytir fyrri landnotkun, landslagi, hefur sjónræn áhrif auk þess sem skógrækt getur breytt ástandi þeirra vistkerfa sem fyrir eru. Mikilvægt er að skoða vel það land sem áætlað er að fari undir skóg. 200 ha svæði er víðáttumikið og áhrif á landslag og lífríki geta verið umtalsverð.

1.12 Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn.

Rök: Allt þauleldi á fiski er starfsleyfisskylt hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin telur því eðlilegt að leitað sé álits hjá stofnuninni.

2.04 Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m³.

Rök: Allt varp í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Því er eðlilegt að fá álit Umhverfisstofnunar á framkvæmdinni. Einnig getur efnistaka af hafsbotni haft mikil áhrif á lífríki og nærliggjandi strendur s.s. landbrot.

2.06 vi. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að vinna allt að 100 l/sek.

Rök: Ef borun fer fram á verndarsvæðum þá ætti að leita umsagnar Umhverfisstofnunar

3.23 Vatnsorkuver með uppsett rafafli allt að 200 kW

Rök: Vegna mögulegrar röskunar á umhverfi og lífríki telur Umhverfisstofnun að lítil vatnsorkuver ættu að koma til umsagnar.

7.17. Fiskmjöls- og lýsisverksmiðjur utan þeirra sem falla í flokk A samkvæmt tölulíð 7.15 og flokk B samkvæmt tölulíð 7.16.

Rök: Allar fiskimjölsverksmiðjur þurfa starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og því eðlilegt að fá álit héðan

10.02 Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til allt að 50 ha svæðis.

Rök: 50 ha er stórt svæði og mikilvægt að Umhverfisstofnun fari yfir starfsemi og umhverfisáhrif.

10.10 Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulíð 10.07, 10.08 eða 10.09.

Við eftirfarandi aðstæður ætti að fá álit Umhverfisstofnunar við ofangreinda vegi:

- 1) ofan hálendislínu
- 2) ef um mikla efnistöku/flutninga er að ræða
- 3) ef ástæða er til að ætla að framkvæmdir hafi áhrif á víðerni/landslag/lífríki/jarðminjar.

10.14 Aðrar hafnir og viðlegubryggjur en tilgreindar eru í flokki A samkvæmt tölulíð 10.12 eða flokki B samkvæmt tölulíð 10.13.

Rök: Skoða þarf t.d. hvort rask verður á lífríki sjávar, hrygningasvæðum, uppeldissvæðum o.s.frv.

10.18. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum, utan þeirra sem tilgreind eru í tölulíð 10.16 og 10.17.


Rök: Umhverfisstofnun bendir á að líklega hefur gleymst að taka út orðin „á verndarsvæðum“ í tölulíð 10.18 svo tölulíðir 10.17 og 10.18 eru alveg eins. Umhverfisstofnun telur að stíflur og önnur mannvirki utan verndarsvæði eigi að koma til álitsgjafar hjá stofnuninni.


11.10 að öllu jöfnu til heilbrigðisnefndar/eftirlits sveitarfélaganna. En ef um er að ræða brotajárn með spilliefni t.d. bílar með vökva innanborðs, þá ætti Umhverfisstofnun að gefa álit.

13.03 Ef undir þennan tölulíð falla framkvæmdir sem undir venjulegum kringumstæðum koma til umsagnar Umhverfisstofnunar, telur stofnunin að breytingar og viðbætur eigi að gera það líka. Ef aftur á móti viðbót er við framkvæmd sem ekki er talin hætta á að muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum þá þarf ekki að senda hana til Umhverfisstofnunar.

Ef svæði sem eru flokkuð undir ofangreinda tölulíði (12.06, 12.07, 12.09, 13.03) er á verndarsvæði þá telur Umhverfisstofnun að ávallt eigi að leita til stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri